

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsborski 2008, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

2. gr.

Allar veiðar á Norðurishafsborski eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á íshafsborski eru aðeins heimilar innan lögsögu Noregs og Rússlands og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þeirra veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflahlutdeild/aflamark í Norðurishafsborski, á árinu 2008, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflamarki í þorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs annars vegar, og í efnahagslögsögu Rússlands hins vegar. Aflamark einstaks skips á hvoru svæði fyrir sig ræðst af aflahlutdeild þess.

4. gr.

Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínunum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 3.616 tonn af óslægðum þorski, auk allt að 30% meðafla af öðrum tegundum. Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínunum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 2.363 tonn af þorski, auk 472 tonna af ýsu og allt að 10% meðafla, miðað við afla upp úr sjó. Jafnframt hafa íslensk skip heimildir til veiða á 1.419 tonnum af þorski, auk 284 tonna af ýsu auk 10% meðafla enda komi sérstakt gjald fyrir.

Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri en sem nemur 30% af þorskafli, miðað við afla upp úr sjó.

5. gr.

Um veiðar í efnahagslögsögum Noregs og Rússlands fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, svæðalokanir, möskvastærðir og tilkynningar. Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs.

Skip þau, sem stunda veiðar í lögsögu Noregs, skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs, fyrr en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu, að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

6. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeilda og aflamarks samkvæmt 12. gr.

laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Ákvæði 11. gr. og 5. og 7. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða gilda ekki um aflamark í Norðurishafsporski.

7. gr.

Afli útgerð skips veiðiheimilda í rússneskri lögsögu, umfram þær sem úthlutað er skv. 3. gr., þ.m.t. heimildir sem sérstakt gjald kemur fyrir, skal það tilkynnt Fiskistofu ásamt staðfestingu frá rússneskum stjórnvöldum og er óheimilt að stunda þær veiðar fyrir en Fiskistofa hefur staðfest heimildina með tilfærslu aflaheimilda og útgáfu veiðileyfis.

8. gr.

Aðeins er heimilt í sömu veiðiferð að stunda veiðar á Norðurishafsporski og veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi að öllum afla þeirrar veiðiferðar sé landað í íslenskri höfn. Fyrir upphaf hverrar veiðiferðar, skv. reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til Fiskistofu, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó, og áætlaður löndunarstaður og -tími. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs og Rússlands.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórum er skylt að halda afladagbækur sbr. reglugerð um afladagbækur nr. 557/2007.

9. gr.

Heimilt er að landa afla í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Reglugerð um vigtun sjávarafra á við að öðru leyti.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússland, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðurishafsporskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. desember 2007.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Steinar Ingi Matthíasson.